

**Nefndasvið Alþings,
Efnahags- og viðskiptanefnd**
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2018

Áunninn réttur verður til við innborgun.

Í minnisblaði efnahags- og fjármálaráðuneytis 24. apríl 2018 kemur fram:

„Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um 1 lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en löggin kveða á um. Löggin girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en löggin kveða á um.

*Líkt og áður hefur komið fram **af hálfu ráðuneytisins er það mat þess að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um áunnin réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að löggin falli úr gildi.***

Til upplýsingar fyrir alla hlutaðeigandi:

Áunninn réttur verður til við innborgun í lífeyrissjóð.

Dæmi:

Kona var gift bónda á árunum 1971 til 1983 og mátti samkvæmt lögum ekki greiða í sjóðinn. Hún fór svo jafnvel að vinna utan bús og greiddi því aldrei í sjóðinn.

Hún er ekki sjóðfélagi þar sem hún greiddi aldrei í sjóðinn og hefur ekki áunnið sér neinn rétt. Þrátt fyrir það fær þessi kona ævilangan makalífeyri út á réttindi mannsins síns.

Ef ekki væri nein 6. grein í lögum um Lífeyrissjóð bænda að ræða fengi þessi kona makalífeyri í 2 ár eins og aðrir makar í sjóðnum.

Kveðja,

Borghildur Jónsdóttir
Lífeyrissjóði bænda